

## Skólaráð Hörðuvallaskóla

### 6. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 19. janúar 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Arnar Björnsson, Marta Sigurjónsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Sigríður Einarsdóttir.

Mikil forföll meðal boðaðra fundarmanna og því fámennur skólaráðsfundur í þetta skiptið.

Dagskrá og afgreiðslur:

#### **1. Skóladagatal 2017-2018.**

Farið yfir breytt drög að skóladagatali næsta skólaárs. Breytingar stafa af því að í skoðun er að starfsfólk fari í utanlandsferð næsta vetur, en einnig eru hugmyndir um breytt fyrirkomulag viðtalsdaga.

Ennfremur er lagt til að annaskil verði um áramót en til að jafna dagafjölda milli anna verði þemadagar á vorönn. Skólaráð samþykkir dagatalið fyrir sitt leyti en það á eftir að fara fyrir kennarafund.

#### **2. Ytra mat – fyrirkomulag matsins og ákvörðun um fjórða matsþátt.**

Rætt um framkvæmd á ytra mati menntamálaráðuneytisins. Skólinn hefur frest til 1. mars til að skila ýmsum gögnum en heimsóknir matsteymis verða ekki fyrr en seint í apríl. Skólaráð samþykkir að leggja til við menntaráð að fjórði matsþátturinn sem tekinn verður fyrir verði stoðkerfi skólans / stuðnings- og sérkennsla.

#### **3. Stefnumótun – hugmyndir til skoðunar.**

Skólastjóri kynnti fyrstu punkta úr samantekt stefnumótunarfunda foreldra og starfsmanna. Punktarnir verða unnir áfram og kynntir nánar á næsta fundi.

#### **4. Næsta skólaár.**

Umræður um skipulags- og húsnæðismál fyrir næsta vetur. Rýnihópavinna undir stjórn Ingvars Sigurgeirssonar fer fram þessar vikurnar og lýkur í næstu viku. Að þeim tíma loknum er stefnt að því að móta tillögur um niðurröðun kennsluhópa fyrir næsta vetur. Þær hugmyndir sem verið er að skoða og snúa að aukningu eða breyttri nýtingu húsnæðis snúa helst að einni lausri kennslustofu í viðbót við Baugakór, breyttri staðsetningu bókasafns og fleiri kennslustofum í Vallakór.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur áformaður 9. febrúar en verður boðaður með viku fyrirvara.